

Sp. 459. Tillaga til þingsályktunar [221. mál]
um graskögglaferksmiðjur.

Flm.: Vigfús B. Jónsson, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að graskögglaferksmiðjur þær, sem landbúnaðarráðherra samþykkti með bréfi 2. júní 1972 að byggðar yrðu á vegum ríkisins, verði fullgerðar og teknar í notkun árið 1979.

Greinargerð.

Með bréfi til landnámsstjórnar, dags. 2. júní 1972, samþykkti landbúnaðarráðherra Halldór E. Sigurðsson áætlun um byggingu nýrra graskögglaferksmiðja í landinu,

og skyldu þær staðsettar á eftirgreindum stöðum: Flatey í Mýrahreppi, Austur-Skaftafellssýslu, Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Þessi ákvörðun ráðherra átti m. a. þann aðdraganda, að á grundvelli 55. gr. laga nr. 45 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., hafði starfað nefnd sex manna frá Búnaðarfélagi Íslands og Landnámi ríkisins til þess að gera drög að áætlun um staðarval og stofnun slíkra verksmiðja. Álit þeirrar nefndar var allítarlegt og niðurstöður að mestu í samræmi við fyrrgreinda ákvörðun ráðherra.

Af þeim verksmiðjum, sem ákveðið var að byggja 1972, hefur nú ein tekið til starfa, en grasköggglaverksmiðjan í Flatey í Austur-Skaftafellssýslu hóf starfsemi sína s. l. sumar. Var þó aðeins um að ræða $\frac{1}{3}$ hluta af fullri afkastagetu þeirrar verksmiðju og skortir nú 80 millj. kr. til þess að uppbyggingu og búnaði verksmiðjunnar verði lokið og fullri afkastagetu náð.

Tillaga þessi til þingsályktunar er fyrst og fremst flutt til þess að beina því til ríkisstjórnarinnar, að hún athugi nú allar leiðir til þess að því marki verði náð að ljúka uppbyggingu verksmiðjanna í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu þannig, að þær geti tekið til starfa sumarið 1979. Ljóst er, að til þess þarf mikið fjármagn eða um 200 millj. kr. til hvorrar verksmiðjunnar um sig. Hugsanlegt er, að Stofnlánadeild landbúnaðarins láni til þessara framkvæmda allt að 100 millj. kr. Fjáröflun á vegum ríkisins og annarra aðila þyrfti því að vera sem næst 300 millj. kr. Í þessu dæmi verður auðvitað til viðbótar að taka tillit til fjárþarfar sem fyrr er að vikið í sambandi við Flateyjarverksmiðjuna.

Þær garsköggglaverksmiðjur, sem þegar hafa tekið til starfa, hafa verið fjármagnaðar af ríkisé, ef frá er skilin verksmiðjan í Brautarholti, sem er í eigu einstaklinga. Með sama framhaldi þyrfti verulega auknar fjárveitingar á fjárlögum næstu ára til grasköggglaverksmiðja, svo að því marki yrði náð, sem tillagan greinir. Flm. telja þó, að ástæða geti verið til að taka til athugunar fleiri fjármögnunarleiðir til þess að auðvelda framgang málsins. Gæti þar komið til greina hvort tveggja, sérstök fjáröflun og aðild heimaaðila.

Uppbygging grasköggglaverksmiðja er eitt af mestu hagsmunamálum landbúnaðarins. Staðsetning þeirra í hinum ýmsu landshlutum er þýðingarmikil til þess að komist verði hjá óhóflegum flutningskostnaði, en of langar flutningsleiðir geta komið í veg fyrir, að hagkvæmt sé að nota grasköggla. Grasköggglaverksmiðjurnar í Hólminum og Saltvík hafa því sérstaka þýðingu fyrir norðlenska bændur hvað þetta snertir og eru í raun forsenda fyrir því, að þeir geti sem heitir notað grasköggla sem kjarnfóður. Á báðum þessum stöðum eru aðstæður taldar ákjósanlegar, þ. á m. er vól á jarðvarma til þurrkunar á grasi, sem mundi spara olíu að sama skapi.

En grasköggglaverksmiðjur hafa ekki síður þýðingu fyrir þjóðarbúið í heild vegna gjaldeyrisparnaðar. Árið 1975 voru flutt inn 55 367 tn. af fóðurvörum fyrir 1 677.2 millj. kr. Innflutningur fóðurvara hefur á undanförunum árum oft verið í kringum 60 þús. tn. og er líklegt að verðgildi þess verði á þessu ári ekki minna en 2000 millj. kr.

Það er talið að nota megi grasköggla með hagkvæmni í stað allt að $\frac{3}{4}$ þess kjarnfóðurs, sem nú er flutt inn. Það blasir því við, að unnt er að spara verulegan gjaldeyri með því að auka þessa framleiðslu innanlands. Sú staðreynd á ekki sísta þáttinn í mikilvægi þessa máls.

Uppbygging grasköggglaverksmiðja kom til umræðu á nýafstöðnu Búnaðarþingi og birtist ályktun Búnaðarþings hér með sem fylgiskjal. Enn fremur birtast hér með sem fylgiskjöl bréf landbúnaðarráðherra til landnámsstjórnar, dags. 2. júní 1972, og bréf frá landnámsstjóra til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 9. apríl 1973.

Fylgiskjal I.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 11. mars 1976.

Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands hinn 10. mars 1976 var ákveðið að senda ályktun Búnaðarþings 1976 um erindi Búnaðarsambands Austurlands um verðjöfnun á graskögglum, erindi Búnaðarsambands Austur-Húnava. nssýslu um heykögglaferksmiðju í Hólminum í Skagafirði, erindi Jónasar Jónssonar, Gunnars Bjarnasonar og Árna G. Péturssonar um eflingu kjarnfóðuriðnaðar úr innlendum hráefnum og með innlendri orku og erindi Búnaðarsambands suður-þingeyinga um eflingu innlendrar fóðuriðju til landbúnaðarráðuneytisins, Landnáms ríkisins og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Ályktunin hljóðar svo:

„Búnaðarþing skorar á landbúnaðarráðherra, að hann skipi nefnd til þess að gera heildaráætlun um eflingu fóðuriðnaðar á Íslandi, er fullnægt geti að mestu fóðurbætisþörf landbúnaðarins. Sérstök áherzla verði lögð á eftirfarandi:

- 1) Endurskoðuð verði gildandi lagaákvæði um grænfóðurverksmiðjur, m. a. með það fyrir augum að auka áhrif bænda og samtaka þeirra á stjórn og rekstur verksmiðjanna.
- 2) Uppbygging í fóðuriðnaði verði auðvelduð, m. a. með föstum tekjustofnum, hagstæðum lánum, afnámi tolla og skatta og öðrum ráðstöfunum, hliðstætt og gerist í skyldum iðnaði, svo sem þörungavinnslunni á Reykhólum.
- 3) Hraðað verði rannsóknunum á því, hvernig hagkvæmast sé að nota ódýra afgangsráforku og jarðvarma til þurrkunar fóðurefna.
- 4) Auknar verði rannsóknir á því, hvaða efnum, sem til falla eða vinna má innanlands, sé hugsanlegt að blanda í grasköggla til að fá hagkvæmar kjarnfóðurblöndur.
- 5) Gerðar verði viðtækar fóðurtilraunir með innlendar fóðurblöndur, svo að skýrt komi í ljós, að hve miklu leyti slík kjarnfóðurframleiðsla geti komið í stað innflutts kjarnfóðurs.
- 6) Lögð verði aukin áherzla á ræktunartilraunir, m. a. á ræktunarlöndum verksmiðjanna, bæði er varðar stofna og áburð, með það fyrir augum að auka uppskeru og gera hana árvissa.
- 7) Kannaðir verði möguleikar á útflutningi á graskögglum.
- 8) Athugað verði, hvernig hagkvæmast er að haga geymslu og flutningi á graskögglum, enda við það miðað, að þeir verði seldir á sama verði á öllum verzlunarstöðum landsins.
- 9) Hraðað verði útvegum fjármagns til hönnunar, uppbyggingar og endurbóta þeirra grænfóðursverksmiðja, er þegar hafa verið hafnar framkvæmdir við, svo að unnt verði að ljúka uppbyggingu þeirra á næstu 5 árum.

Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að fylgja þessu mikla hagsmunamáli landbúnaðarins og þjóðarinnar allrar fast eftir, svo að álit væntanlegrar nefndar geti legið fyrir næsta Búnaðarþingi.”

Virðingarfyllst,
Halldór Pálsson.

Fylgiskjal II.

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 2. júní 1972.

Með skírskotun til bréfs landnámsstjórnar, dags. 28. maí s.l., þar sem gerðar eru tillögur um staðsetningu grænófóðurverksmiðja á landinu, vill ráðuneytið hér með samþykkja áætlun landnámsstjórnar um grænófóðurverksmiðjur þessar á þann hátt, sem hér greinir:

1. Flatey í Mýrahreppi, A.-Skaft.
2. Hólmurinn í Skagafirði.
3. Saltvík, S.-Þing.

Enn fremur telur ráðuneytið rétt, að veittur verði aukinn styrkur til Fóðuriðjunnar hf., Dalasýslu, að upphæð 4 millj. kr., þar sem ljóst er af nýgerðri áætlun, að kostnaður við framkvæmdir þar verði 30—40% hærri en gert var ráð fyrir. Styrkur þessi yrði greiddur á næstu þrem árum, 1973, 1974 og 1975.

Það skal að lokum tekið fram, að gera verður ráð fyrir, að áætlaður framkvæmdatími lengist frá tillögum nefndarinnar í allt að 8 árum.

Halldór E. Sigurðsson.

Gunnl. E. Briem.

Fylgiskjal III.

9. 4. 1973.

Á fundi landnámsstjórnar 4. þ. m. var eftirfarandi bókun gerð:

„Landnámsstjórn felur landnámsstjóra að hefja hið fyrst framkvæmdir við að koma upp heykögglaferksmiðju í Flatey á Mýrum, A.-Skaft., með 5 tonna eimingargetu á klt., er miðist við rekstur sumarið 1974. Leitað verði heimildar landbúnaðarráðuneytisins fyrir því að fjármagna framkvæmdir með framlagi heimaaðila, lánsfé og ríkisframlagi á fjárlögum 1974.“

Í bréfi landbúnaðarráðuneytisins 2. júní 1972 var tekin ákvörðun í samræmi við 55. gr. landnámslaga um stofnun og staðarval á þrem grænófóðurverksmiðjum, sem ráðgert er að reisa á næstu 6—8 árum, þ. e. í

1. Flatey í Mýrahreppi, A.-Skaft.
2. Hólminum í Skagafirði.
3. Saltvík í S.-Þingeyjarsýslu.

Eftir að þessi ákvörðun var tekin var hafinn undirbúningur að framkvæmd hennar og voru helstu framkvæmdir s. l. ár þessar:

Flatey:

Unnið var að nánara staðarvali og undirbúin kaup á Flateyjarjörðum, en þær munu hafa a. m. k. 2—3 þús. ha af ræktanlegu landi.

Hólmurinn:

Árið 1969 keypti Landnám ríkisins jarðirnar Löngumýri, Lauftún og Krossanes í Seyluhreppi í Skagafirði, allar samliggjandi með ræktanlegt land um 600 ha.

1971 var byrjað á framræslu og s. l. ár var henni að miklu leyti lokið og byrjað á að ýta út ruðningum og kýfa landið.

Saltvík:

Á s. l. ári var gengið frá kaupum á jörðinni Saltvík í Reykjahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu, en þar voru engar undirbúningsframkvæmdir gerðar.

Eins og ályktun landnámsstjórnar ber með sér, telur stjórnin rétt, að hafinn verði nú þegar undirbúningur að stofnun grænófóðurverksmiðju í Flatey með 5 tonna eimingargetu og að því stefnt, að rekstur hefjist á næsta ári.

Austur-skaftfellingar hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga, eins og meðfylgjandi ljósrit af fundarályktun og bréfi sýna, fskj. 1 og 2, þar bjóðast þeir til að sjá um að nauðsynleg ræktun verði gerð af félagasamtökum í sýslunni og sé hún „**framlag heimamanna til verksmiðjunnar**“. Auk þessa hefur komið fram, að hugsanleg væri einhver lánafyrirgreiðsla innan héraðs.

Tillaga landnámsstjórnar um stærð verksmiðjunnar er byggð á samþykkt, er gerð var í maí 1972 og send ráðuneytinu með bréfi, dags. 28. maí 1972, ásamt nefndaráliti samstarfsnefndar Búnaðarfélags Íslands og Landnáms ríkisins um grænófóðurverksmiðjur.

Á fundi landnámsstjórnar 4. þ. m. lagði landnámsstjóri fram lauslega áætlun um stofnkostnað við byggingu þeirra þriggja verksmiðja, sem ráðgerðar eru, og er stærð þeirra, miðað við 5 tonna eimingargetu á klst., þannig, að framleiðsla hverrar verksmiðju geti orðið 2000—2500 tonn af heykögglum, miðað við full afköst.

Kostnaðaráætlun þessi, fskj. 3, fylgir hér með í ljósriti.

Verðlag og kaupgjald í apríl 1973 er lagt til grundvallar tölulegum útreikningum. Um 5. liðinn, íbúðarhúsnæði, skal þess getið, að hann er mjög ónákvæmur og einungis settur til þess að sýna, að hann er óhjákvæmilegur fylgifyiskur atvinnufyrirtækis af þessu tagi og gæti vafalaust orðið langt um hærri.

Til viðbótar niðurstöðutölum í fskj. 3 þarf svo að bæta fyrsta árs rekstrarkostnaði, sem má ætla að geti orðið, miðað við núverandi verðlag, um 10—12 milljónir. Heildarfjármagnsþörf kynni því að verða um 80 milljónir í fyrirhugaðri verksmiðju í Flatey.

Í ályktun landnámsstjórnar er þess farið á leit við landbúnaðarráðuneytið, að það heimili að hafist verði handa um framkvæmdir í Flatey.

Ég, sem framkvæmdastjóri landnámsstjórnar, tek það skýrt fram, að ég tel mig ekki á nokkurn hátt geta hafið undirbúning að verksmiðjubyggingu, umfram það að festa kaup á Flateyjarjörðum og fjárframlög 1973 leyfa, nema til komi samþykki ráðuneytisins á óskum landnámsstjórnar um að stefnt verði að því að koma upp grænófóðurverksmiðju á þessu og næsta ári.

Virðingarfyllst,
LANDNÁM RÍKISINS
Árni Jónsson.

Til landbúnaðarráðuneytisins,
Reykjavík.